

Fundur Delta Kappa Gamma 21.05 2011

Fundurinn var haldinn í skólanum í Hveragerði kl 11

Bolette setti fundinn og kveikti á kertum :Trúmennsku, hjálpsemi og vináttu.
Hún bauð gesti velkomna. En það voru systur úr Gammadeild u.þ.b.15 gestir og álíka margar systur voru úr Epsilon deild.
Úr Gammadeild mætti Landssambandsforseti ásamt mörgum fyrrverandi forsetum Landsambandssins.

Bolette sagði frá Landssambands þinginu sem haldið var í Reykjanesbæ.
Bolette og Björg mættu á laugardeginum, en Elín bættist í hópinn á sunnudeginum.
Farin var skemmtileg og fróðleg ferð um Reykjnes á laugardeginum og um kvöldið var veisla og að lokum dansað undir stjórn Sigríðar Valgeirsdóttur.

Ingibjörg Landssambands forseti sagði nokkur orð .m.a.sagði hún frá hve fróðleg og skemmtileg erindi systur bæði frá Vestfjörðum og Austfjörðum voru með á þinginu.
Hve nauðsynlegt væri að hrósa hver annarri og hve gaman væri að vera saman.

Hún var að koma frá Landsambandsþingi í Hollandi, en þar eru aðeins tvær deildir.
Sagði frá Evrópuþingi sem verður í ágúst í Baden – Baden í Þýskalandi og um 20 konur væru búnar að skrá sig og það væri enn pláss fyrir fleiri og sagði að það væri hlustað á okkur í Evrópusamtökunum.

Guðrún Þórunna Jónsdóttir sagði okkur frá lokaverkefni sínu til M.Ed. gráðu við Háskóla Íslands 2010.

Hún byrjaði á að senda okkur þessa glæru: Að læra – er eins og róa gegn straumi. Sækir þú ekki á – hrekur þig undan honum.Kínverskt máltæki.

Samfella leik - og grunnskóla með sérstöku tilliti til lestrarnáms.
Rannsóknin fór fram í leik – og grunnskólum í Árnessýslu á útmánuðum 2010.

Lesturinn er sálinni, það sem hreyfingin er líkamanum.

Höfundar prófs er hún lagði fyrir þ.e. Hljóm – 2- eru Jóhanna Erlingsdóttir,Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir Kennarar í Háskóla Íslands.

Hér fylgir svo með erindi Guðrúnar Þórunnar.

Að lokum settumst við að glæsilegu veisluborði, sem Epsilon – systur báru fram .
Hver kom með sitt lítið af hvoru. Síðan var spurt og spjallað um lesturinn og allt milli himins og jarðar. Ég þori að fullyrða að allir skemmtu sér vel.

Elín Hannibalsdóttir